



Alþingi
Erindi nr. P 136/1184
komudagur 11.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál.

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og er þetta sameiginleg umsögn þeirra.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta skyldu Umhverfisstofnunar til að halda námskeið fyrir landverði sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Stofnuninni er einnig heimilt að meta hvort annað nám, sem umsækjendur um starf hafa lokið, sé jafngilt námskeiðinu.

Umsagnaraðilar mótmæla því að lögfest verði að Umhverfisstofnun haldi námskeiðin. Hætta er á hagsmunaárekstrum verði frumvarpið að lögum því stofnunin mun hafa tekjur af námskeiðahaldi og henni verður í hag að auka umsvif námskeiða með auknum kröfum til nemenda og umsækjenda. Einnig er óeðlilegt að einn og sami aðilinn ákveði menntunarkröfurnar, haldi námskeið og próf, veiti samþykki fyrir öðru jafngildu námi, veiti réttindi, taki svo gjald fyrir allt saman og ráði stærstan hluta þátttakenda í vinnu hjá sér.

Viðurkenndar menntastofnanir hafa yfir að ráða þekkingu og reynslu á þessu sviði og má nefna sem dæmi Ferðamálastólann og Leiðsöguskólann. Eðlilegt er að gefa slíkum aðilum kost á að halda námskeið fyrir þennan hóp. Kröfur um efni námskeiðs eru settar fram í reglugerð nr. 61/1990 og leggja umsagnaraðilar til að Umhverfisstofnun verði falið að hafa eftirlit með að námskeið sem haldin eru standist kröfurnar.

Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins

Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins